

105. fundur í stjórn Fræðslunets Suðurlands, haldinn 17. apríl 2013 í Fjölheimum á Selfossi kl. 16.30. Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs, Guðríður Aadnegaard, varamaður Magðalenu, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Magðalena Jónsdóttir boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, frkv.stj.

## **Dagskrá:**

### **1. Tilboð í raunfærnimatsverkefni (IPA-styrkir)**

Fr.kv.stj. kynnti. FnS bauð í málmsuðu, slátrun og garðyrkju og hreppti tvö fyrstnefndu verkefni. Fleiri verkefni verða boðin út á árinu og því möguleiki á því að FnS keyri fleiri verkefni af þessu tagi. Málmsuðuverkefnið verður m.a. unnið í samstarfi við FSu en slátrun í samstarfi við SS og Sláturhúsið á Hellu.

### **2. Umsóknir um styrki**

Fr.kv.stj. kynnti. FnS hefur sótt um styrki til Þróunarsjóðs framhaldsfræðslu, alls þrjár umsóknir, þar af ein í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi, um listnám fyrir fatlað fólk. Í öðru lagi til að skipuleggja undirbúningsnám á tæknisviði. Í þriðja lagi verkefnið „Ull í mund“ sem gengur út á það að vinna og þróa ullarvinnslu. Botn fæst í þetta í maí í síðasta lagi.

### **3. Sóknaráætlun og auglýsing eftir starfsmanni í V-Skaftafellssýslu**

Framkv.stj. kynnti. Auglýst verður eftir starfsmanni til að sinna framhaldsfræðslu og miðlun háskólanáms í V-Skaftafellssýslu. Auglýsing mun birtast í fjölmiðlum í vikunni og um næstu helgi. FnS og Háskólafélagið auglýsa sameiginlega en viðkomandi starfsmaður verður með ráðningarsamning við FnS en kostaður af Sóknaráætlun Suðurlands.

### **4. Símenntunardeild Nýheima á Höfn í Hornafirði; Fræðslunet Suðurlands**

Borist hefur bréf frá bæjarstjóranum á Hornafirði þar sem fram kemur vilji Hornfirðinga til að ganga til liðs við FnS og Háskólafélag Suðurlands um áramót. Stjórn FnS hefur áður fjallað um þessar hugmyndir og er sem fyrr

jákvæð fyrir þeim. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu.

## **5. Önnur mál**

- a. Nú hillir undir að breytingar á skipulagsskrá Fns gangi í gegn. Stjórn fagnar þessu.
- b. Umsjónarmaður Fjölmenntar fer í fæðingarorlof í júní nk. en mun verða áfram í 40% starfi. Útlit er fyrir að farsællega takist að ráða afleysingamanneskju í þessi 60% í 11 mánuði.

Fundi slitið kl. 17.50